



Samstarfsyfirlýsing

Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), f.h. sveitarfélaganna á Vesturlandi, lýsa því hér með yfir að þau munu í samstarfi vinna að því að laða að aukinn mannað og gera starfsstöðvar HVE og búsetu á Vesturlandi að eftirsóknarverðum valkosti fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

Forsendur

Lykilatriði í byggðastefnu stjórnvalda á Íslandi er búsetufrelsi, að fólk geti valið sér búsetu þar sem það sjálf kís að búa. Til þess að búsetufrelsi sé raunverulegt þarf aðgangur að ýmis konar þjónustu að vera óháður búsetu. Í vaxandi mæli er upplifunin sú að á ákveðnum stöðum á landsbyggðinni gengur erfiðlega að manna störf sem eru hluti af nauðsynlegri þjónustu. Þetta á við um heilbrigðisþjónustu eins og ýmsa aðra þjónustu og kemur glöggt fram í skýrslu vinnuhóps sem skipaður var af heilbrigðisráðherra til þess að jafna aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðissviði. Þar leggur hópurinn m.a. til að nýtt verði heimild Menntasjóðs námsmanna til þess að beita sérstökum ívilnunum til þess að bregðast við skorti á sérfræðiþjónustu á ákveðnum svæðum.

Á Vesturlandi eru svæði þar sem erfiðlega hefur gengið að manna ýmsar stöður heilbrigðisstarfsfólks innan HVE. Stofnunin hefur farið ýmsir leiðir til þess að bregðast við vandanum og sumar skilað árangri. Í nútíma samfélögum þá er ekki nóg að geta boðið starfsfólk á hugaverð störf með ásættanlegum launum. Það þarf oft meira til. Það eru ýmsir búsetukostir og þjónusta sem þarf að vera til staðar þegar fólk velur sér búsetu, þættir sem viðkomandi stofnun stýrir ekki en eru í höndum sveitarfélaga eða ríkisins.

Vegna þessa hafa HVE og SSV ákveðið að taka höndum um saman og vinna í sameiningu að því að laða að aukinn mannað og gera starfsstöðvar HVE og búsetu á Vesturlandi að eftirsóknarverðum valkosti. Þannig verði stuðlað að því að auðveldara verði að ráða heilbrigðisstarfsfólk til starfa á Vesturlandi.



Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er

- Að tryggja að allir íbúar á Vesturlandi hafi gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu og skilgreindri sérfræðingsþjónustu
- Að taka höndum saman og vinna að því að laða vel menntað og hæfileikaríkt starfsfólk til starfa á öllum starfsstöðvum HVE á Vesturlandi
- Að nýta ívilnanir Menntasjóðs til þess að laða vel menntað og hæfileikaríkt starfsfólk til starfa á starfsstöðvum HVE á Vesturlandi þar sem ívilnanir eru í gildi

Fyrirkomulag samráðs og helstu verkþættir

Aðilar að yfirlýsingu þessari eru sammála um að fjórir aðilar séu í lykilhlutverkum þegar laða þarf vel menntað og hæfileikaríkt starfsfólk til starfa á starfsstöðvum HVE á Vesturlandi. Það eru; HVE, SSV og sveitarfélögin á Vesturlandi og heilbrigðisráðuneytið og önnur þau ráðuneyti sem hafa með verkefnið að gera.

Hlutverk HVE

- Að allar starfsstöðvar HVE séu eftirsóknarverður vinnustaður
- Að HVE tryggi gott vinnuumhverfi og góðan aðbúnað starfsfólks og þjónustubega á öllum starfsstöðvum.
- Að HVE tryggi íbúum heilbrigðisþjónustu með gæði og öryggi í fyrirrúmi
- Að HVE sé virkur þáttakandi í menntun heilbrigðisstarfsfólks

Hlutverk sveitarfélaga og SSV

- Að tryggja aðgengi að leikskólum og frístund barna á grunnskólaaldri
- Að veita upplýsingar um stöðu á vinnumarkaði sem nýst geta maka og aðgengi að samvinnurýmum
- Að veita upplýsingar um þjónustu í sveitarfélagini, helstu tækifæri til afþreyingar og stöðu á húsnæðismarkaði
- Að vinna markvisst að því að auka aðráttarafl sveitarfélaganna



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HVE og SSV munu þrýsta á heilbrigðisráðuneytið og önnur þau ráðuneyti sem hafa með verkefnið að gera að sinna sínum hlutverkum sem m.a. eru

- Að hafa skýra stefnu um uppbyggingu, eflingu og fjármögnun heilbrigðisþjónustu á Vesturlandi
- Að vinna markvisst að því að efla aðgengi að sérfræðiþjónustu óháð búsetu
- Að tryggja fjárveitingar til uppbyggingar og endurbóta á húsnæði og tækjakosti á starfsstöðvum HVE
- Að stuðla að innleiðingu á fjarheilbrigðisþjónustu
- Að stuðla að eflingu náms í heilbrigðisgreinum

Aðilar eru sammála um að funda tvisvar á ári; í mars og september, á meðan að yfirlýsing þessi er í gildi til þess að meta stöðuna og samræma aðgerðir.

Gildistími yfirlýsingar er frá 14.08.2025

F.h. Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi,

Ragnar Sæmundsson

Ragnar Baldvin Sæmundsson,
Stjórnarformaður

F.h. Heilbrigðisstofnunar Vesturlands,

Jóhanna F. Jóhannsdóttir

Jóhanna Fjóla Jóhannesdóttir,
Forstjóri

Vottar að undirritun:

Ragnar Sæmundsson
Nafn og kennitala 150170-4169

Silvia J. Mette
Nafn og kennitala 240661-3309

Sigfus Sigfusson
Nafn og kennitala 1009603709